

9. Í leigusamningi skal auðkenna land með nafni, þannig að ekki verði um villst.
10. Jafnframt því, að hreppsnefnd veitir leyfi til sumarbústaðabyggingar greiðir leigjandi:
- Við afhendingu byggingarleyfis í hreppssjóð sérstakt gjald eftir reglum, er hreppsnefnd setur. Gjald þetta skal vera fyrir 25 m² hús kr. 50 000.00, síðan kr. 5 000.00 á hvern fermetra til viðbótar umfram 25 m². Hámarksgjald skal þó vera kr. 160 000.00 og er þá miðað við hámarksstærð, skv. 2. tl. 3. gr.
11. Hreppsnefnd er heimilt að innheimta eftirlitsgjald að fjárhæð kr. 5 000.00 árlega af hverju sumarbústaðarlandi vegna nauðsynlegrar gæslu og eftirlits, auk sérstaks gjalds sem hreppsnefnd ákveður, þegar sorphirðing verður tekin upp.
12. Á gjöld samkvæmt þessari grein má koma álag sem nemur hækkun vísitölu byggingarkostnaðar, eftir að samþykkt þessi öðlast gildi.

4. gr.

Bygginganefnd veitir byggingaleyfi fyrir sumarbústöðum, og skulu uppdrættir gerðir eftir þeim reglum, sem settar eru í byggingasamþykkt, eftir því sem þær geta átt við.

5. gr.

Þegar bygginganefnd og jarðanefnd hafa samþykkt sumarbústaðabyggingu, skal eigandi láta gera uppdrátt að hverju landi fyrir sig, sem hann leigir, í mælikvarða ekki minni en 1:1000, og skal sá uppdráttur fylgja leigusamningi. Á uppdrætti skal sýna:

1. Hugsanlega staðsetningu húss, bílastæða ef um slíkt verður að ræða.
2. Vatnsból (þar með taldar borholur eftir vatni), sem kunna að vera á landinu eða í næsta nágrenni þess, ef hætta er talin á mengun þess.
3. Fyrirhugaða rotþró, nema sýnt sé fram á að veita megi skolpi brott á annan hátt, en ekki má setja rotþró nær mörkum en 10 metra.
4. Raflínur og aðrar lagnir, sem taka þarf tillit til í sambandi við notkun landsins.
5. Hvar aðkoma að landinu sé fyrirhuguð frá opinberum vegi og hver sé stærð landsins, en að jafnaði skulu sumarbústaðalönd ekki vera minni en 0,5 hektarar.

6. gr.

Nú ris ágreiningur milli leigutaka og hreppsnefndar um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hreppsnefndar á henni og sker þá ráðherra úr.

Viðauki þessi, sem saminn er og samþykktur af hreppsnefnd Ölfushrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1905 sbr. lög nr. 84/1943, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 24. janúar 1978.

F. h. r.


Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Dyrhólaeyjar, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti, ákveðið að friðlýsa Dyrhólaey, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, og er eyjan **friðland**.



Mörk friðlandsins:

Að vestan hugsuð lína úr fjöruborði við eyjuna 5 m vestan Hildardrangs. Þaðan boglína 50 m frá brekku- eða bergrótum allt austur að Útfalli, þó vel norðan jökulurðarinnar norður af vestanverðri Lágey. Síðan ræður Útfallið til sjávar en að sunnan sjávarströnd að vesturmörkum við Hildardrang. Friðlýsingarákvæðin gilda einnig um Arnardrang við Útfallið, svo og alla dranga og sker út af Dyrhólaey.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt án leyfis Náttúruverndarráðs. Mannvirkjum, sem á friðlandinu eru, skal vel við haldið.
2. Hefðbundnar grasnytjar bænda í Dyrhólahreppi fá að haldast. Heildarfjöldi búfjár skal vera í samræmi við beitarþolsrannsókn sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins lætur gera. Öll beit er þó bönnuð fyrir 25. júní ár hvert og óheimilt

er að halda stórgripum til beitar þar. Skal friðlandið girt fjárheldri girðingu. Áburðargjöf og uppgræðsla lands skal fara fram í samráði við náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu.

3. Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði. Hefðbundnar nýttjar bænda í Dyrhólahreppi á æðavarpí, fýl og lunda fá þó að haldast svo sem verið hefur. Notkun skotvopna er bönnuð í Dyrhólaey og næsta nágrenni.
4. Almennungi er heimil för um eyjuna í lögmætum tilgangi en leyfi þarf til að tjalda. Náttúruverndarráð getur þó takmarkað ferðir þangað á tímabilinu 1. maí til 25. júní. Akstur utan vega er bannaður. Umferð með hesta er heimil um eyjuna og stutt áning þar en lausaganga hesta er bönnuð. Náttúruverndarráð getur falið sérstakri umsjónarnefnd umboð sitt.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsngar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. febrúar 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð skipulagsáætlana nr. 217 25. október 1966.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 19. gr. komi fjórar nýjar mgr., sem verði 2., 3., 4. og 5. mgr. svohljóðandi:

Skipulagsstjórn getur heimilað að í deiliskipulagi einstaks svæðis eða einstaks hverfis sé vikið frá ákvæðum 1. mgr. um lóðarstærð, enda brjóti slíkt ekki í bága við nýlingarhlutfall svæðis eða hverfis, sem í hlut á. Heimild er bundin því, að sýnt sé fram á að fullnægjandi birtu njóti í hverju húsi, greiður aðgangur sé að leikvelli eða leiksvæði fyrir lítil börn og fullnægjandi útivistarsvæði sé í nágrenninu.

Ef um er að ræða endurskipulagningu í eldra hverfi, þar sem sérstakir erfiðleikar eru á sameiningu lóða, til að fullnægjandi lóðarstærð fái, getur skipulagsstjórn og veitt heimild með hliðsjón af ákvæðum 2. mgr.

Skipulagsstjórn getur áskilið, að sá sem æskir heimildar til frávika, skv. 2. og 3. mgr., láti fylgja auk uppdráttu skriflega greinargerð um nauðsyn þeirra.

Birta skal í B-deild Stjórnartíðinda auglýsingu um frávik, sem heimiluð verða samkvæmt þessari grein.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. febrúar 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.